



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 28. janúar, 2016

Ákvörðun nr. 4/2016

Ákvörðun um breytingu á gildistíma undanþágu ákvörðunar nr. 26/2010, Starfsemi Íslandsrótar Auðkennis

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá Auðkenni ehf. (hér eftir Auðkenni) þann 15. desember 2015. Í bréfinu var starfsemi Auðkennis lýst auk þess sem farið var yfir fyrri mál félagsins hjá Samkeppniseftirlitinu og breytingar sem orðið hafa á markaðnum sem félagið starfar á, eignarhaldi þess, o.fl. Í bréfinu kom fram beiðni Auðkennis um framlengingu á undanþágu sem Samkeppniseftirlitið veitti með ákvörðun nr. 26/2010, *Starfsemi Íslandsrótar Auðkennis*, fyrir rekstri innan félagsins.

1. Auðkenni

Um starfsemi Auðkennis vísast til ákvörðunar nr. 26/2010, að öðru leyti en því að þær breytingar hafa orðið á eignarhaldi félagsins að Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. fara nú hver um sig með 22,38% hlut í félaginu á móti 19,36% hlut Símans hf. og 14,49% hlut Teris. Hafa bankarnir þrír þannig aukið eignarhlut sinn á meðan Síminn hf. og Teris hafa minnkað sína eignarhluta.

Það grundvallarhlutverk Auðkennis sem reifað var í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2010 hefur haldist óbreytt og lýsir Auðkenni því yfir að í hvívetna hafi verið farið eftir þeim skilyrðum sem sett voru í þeirri ákvörðun. Helstu breytingarnar í starfsemi Auðkennis felast annars vegar í því að skilríki á lægra öryggisstigi eru nú gefin út undir innlendri rót auðkennis, í stað erlendra rótar áður. Hins vegar hefur þróunin orðið sú að SIM-kort eru nú meginburðarlag fyrir rafræn skilríki en útgáfu debetkorta sem rafrænna skilríkja hefur verið hætt, þó enn séu slík skilríki virk í einhverju magni. Að auki við rafræn skilríki á SIM-kortum eru gefin út Auðkenniskort, sem eru sambærileg greiðslukortum en ekki með greiðsluvirkni. Útibú banka og sparisjóða eru eftir sem áður skráningarstöðvar fyrir umsýslu korta sem og skilríkja á SIM-kortum.

II.

Niðurstaða

Í ákvörðun nr. 26/2010 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að umrætt samstarf banka og sparisjóða færi í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Með heimild í ákvæði 15. gr. laganna var samstarfinu veitt undanþága frá ákvæði 10. gr. þar sem umræddur öryggisbúnaður var m.a. talinn til þess fallinn að bæta þjónustu banka og



sparisjóða og efla efnahagslegar framfarir. Ekki verður séð að aðstæður hafi breyst með þeim hætti að það haggi þessari fyrri niðurstöðu. Kveðið var á um að undanþágan gildi til 31. desember 2011. Hefur undanþágan verið framlengd einu sinni áður, með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 39/2011, *Ákvörðun um breytingu á gildistíma undanþágu ákvörðunar nr. 26/2010 Starfsemi Íslandsrótar Auðkennis*, til ársloka 2015.

Í erindi Auðkennis frá 15. desember 2015 eru færð rök fyrir því að nauðsynlegt sé að framlengja undanþáguna frekar. Óskað er eftir framlengingu til að minnsta kosti þriggja ára, þ.e. til ársloka 2018. Samkeppniseftirlitið hefur lagt mat á fram kominn sjónarmið og telur í ljósi aðstæðna unnt að fallast á beiðni um framlengingu. Í erindi Auðkennis er nefnt að mikilvægur þáttur í því verkefni sem Auðkenni hefur með höndum sé samstarf við ríkið, en samningur um samstarfið hafi gilt til loka árs 2015. Óvissa sé um hvernig samstarfið verði svo og muni það væntanlega skýrast á þessu ári, 2016. Að mati Auðkennis er einnig heppilegt að undanþága vegna rafrænna skilríkja undir Íslandsrót gildi fram yfir það tímamark sem undanþága vegna auðkennislykla gildir. Sú undanþága gildir til ársloka 2016, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 50/2006 og 31/2013, en rafrænum skilríkjum í farsíma sé í náninni framtíð ætlað að leysa auðkennislyklana af hólmi. Þar sem fjöldi þjónustuaðila og skilríkjahafa nýti nú skilríkin, ásamt því að þau séu mikilvægur þáttur í frekari uppbyggingu hagkvæmrar og skilvirkrar þjónustu, sé mikilvægt að óvissa um tilvist skipulagsins verði í lágmarki. Vegna þessa telur Auðkenni mikilvægt að tímalengd undanþágu sé ekki til þess fallin að minnka traust aðila á nýtingu þessara innviða.

Með ofangreint í huga og að öðru virtu er það mat Samkeppniseftirlitsins að færð hafi verið fram efnisleg rök fyrir því að eðlilegt sé að framlengja undanþáguna. Málefnalegt er að framlengingin nemi þremur árum. Innan þess tíma verði Samkeppniseftirlitinu send greinargerð um framgang verkefnisins og hvort þá verði talin þörf á að framlengja undanþáguna enn frekar. Verður þá tekin afstaða til þess.

Samkeppniseftirlitið fellst á að framlengja undanþáguna til 31. desember 2018. Þá er því beint til aðila þessa máls að gætt sé sérstaklega vel að því að umrætt samstarf taki aðeins til nauðsynlegra þátta sem tengjast rekstri á umræddum öryggisbúnaði.

Ákvörðunarorð:

„Undanþága sú sem veitt var Auðkenni ehf. í ákvörðun nr. 26/2010, og framlengd með ákvörðun nr. 39/2011, skal gilda til 31. desember 2018. Brot á skilyrðum varða viðurlögum samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson